

## FUNDARGERÐ

**Hópur:** Starfshópur um starfsemi Vinjar

**1. fundur:**

**Efni fundar:** Fundargerð

**Viðstaddir:** Aðalbjörg Traustadóttir, Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, Andri Vilbergsson, Helgi Þór Gunnarsson, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Halldóra Pálsdóttir, Hörður Jónasson, Þuríður Harpa Sigurðardóttir og Bergþór Heimir Þórðarson.

**Fundardagur:** 31. janúar 2023

**Tími:** 14:30-16:00

**Fundarstaður:** Kerhólar, Borgartúni 12-14

---

1. Kynning á erindisbréfi starfshópsins

Aðalbjörg kynnti erindisbréf starfshóps um starfsemi Vinjar. Hörður mótmælir lokun Vinjar og óskar eftir að fá lýsingu á því hvernig félagsmiðstöðvarnar eru byggðar upp. Gestir Vinjar vilja fá að vera í húsnæðinu að Hverfisgötu 47 en að öðrum kosti hefur hann lagt fram tillögu sem farið verður yfir á næsta fundi að honum viðstöddum en hann er erlendis, fram í lok febrúar.

2. Kynning á fyrri tillögum og núverandi stöðu

Aðalbjörg fer yfir vinnu við fyrri tillögum um rekstur Vinjar. Halldóra kemur með athugasemdir við kynningu um að skráning Vinjar á komum séu ekki réttar og ætlar að koma með uppfærðar tölur inn í vinnu þessa hóps. Halldóra bendir einnig á að endanleg kynning á störfum fyrri hóps var ekki borin undir sig og telur að tölur þar séu teknar úr samhengi.

Túlkun Halldóru á samþættingu: að það ætti að ganga í báðar áttir. Þannig að starfið yrði á þann veg að fólk gæti farið á milli Vinjar og félagsmiðstöðvanna.

3. Ákveða tíma- og staðsetningu funda

Hópurinn kemur sér saman um tíma og staðsetningu fundanna. Lagt til að við höfum blandaða fundi þannig að einstaklingar geti ýmist mætt á staðfund eða á fjarfund.

Ákveðið að funda vikulega á þriðjudögum 14:30-16:00

Aðalbjörg og Katrín fara í heimsókn í Vin mánudaginn 6. febrúar kl. 13:30

4. Samtal um verkefnið framundan

Hópurinn sammælist um að horfa fram á veginn og að horfa ekki í baksýnispegilinn.

Næstu fundir:

Ebba óskar eftir því að hópurinn ræði hvernig maður geri breytingar ásamt því að viðhalda öryggi og valda sem minnstum óþægindum.